



Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

***Tillaga um varanlegan regnboga í Reykjavík***

Á fundi borgarstjórnar þann 4. júní 2019 var svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna samþykkt:

Lagt er til við borgarstjórn að málaður verði varanlegur regnbogi, til dæmis á gangbraut eða annars konar gönguverun, göngustíg, vegg eða öðrum áberandi stað í miðborg Reykjavíkur. Umhverfis- og skipulagssviði verði falið að gera tillögu að staðsetningu og nánari útfærslu og leggja fyrir skipulags- og samgönguráð með það fyrir augum að framkvæmd geti átt sér stað sumarið 2019.

Borgarfulltrúi Miðflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Þessi tillaga er svo sjálfsögð að borgarfulltrúa Miðflokksins finnst óþarfi að ræða hana í borgarstjórn. Skipulags- og samgönguráð hefði getað afgreitt þetta á einum funda sinna án athugasemda. Reykjavíkurborg hefur verið í fararbroddi hvað varðar réttindi hinsegin fólks og sama á við löggjafann hér á landi. Á hverju ári er haldin hátíð í Reykjavík, Hinsegin dagar. Dregur hátíðin til sín fólk alls staðar úr heiminum sem tekur þátt í gleðigöngunni og ríkir karnivalstemmning í borginni sem lífgar mjög upp á annars litlausa borg. Gleðigangan og viðhorfið til hinsegin fólks er orðin samofin íslensku samfélagi á fordómalausán hátt. Borgarfulltrúi Miðflokksins styður þessa tillögu og vonar að hún komi sem fyrst til framkvæmda.

Helga Björk Laxdal  
e.u.